

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stæði fyrir rafskútur

Á fundi Umhverfis- og skipulagsráðs þann 5. október síðastliðinn var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Flokkur fólksins spyr hvort skipulagsyfirvöld fylgjast með hvernig rafskútum er lagt og skilið við þær út í hverfum. Nokkuð hefur borið á að þær eru skildar eftir á miðjum göngustígum og hefur legið við slysum vegna þess. Stendur til að koma upp föstum stæðum / hleðslustöð fyrir rafskútur og önnur rafhjól sem leigð eru út í hverfum? Því miður er það algengt að rafskútur liggja eins og hráviður út um alla borg. Gangandi fólk og hjólandi eru oft í stórhættu þegar komið er fyrir blind horn. Komið hefur í ljós að engar tryggingar eru á rafskútunum gagnvart öðrum vegfarendum þannig fólk sem fyrir þeim verður ber allan kostnað af þeim líkamsskaða og skemmdum á faratækjum sem rafskútur valda.

Fyrirspurninni var vísað til Umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 2. nóvember.

Svar:

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar er í reglulegu sambandi við þær hjólaleigur sem starfa í Reykjavík. Í þjónustusamningi milli Reykjavíkurborgar og hjólaleiganna kemur fram að þjónustuaðili skuli eins fljótt og hægt er fjarlægja hjól sem hindra almenna umferð eða valda óþægindum. Reykjavíkurborg hefur í samskiptum sínum við leigunnar lagt áherslu á að staðið sé við þetta ákvæði.

Sett hafa verið upp fimm stæði á borgarlandi sem sérstaklega eru fyrir rafhlaupahjól. Í samtali við leigunnar hefur komið fram að þær séu afar sáttar við þessi stæði og sýna notkunartölur fram á að þau séu mikið notuð. Það er vilji Reykjavíkurborgar að koma fleiri slíkum stæðum fyrir í borgarlandi. Stendur nú yfir greining á því hvar sé best að koma slíkum stæðum fyrir með það að markmiði að þjónusta íbúa Reykjavíkur enn betur.

Einnig hafa verið skilgreind svæði þar sem óheimilt er að skilja við rafmagnshlaupahjól leiganna. Nýlega var undirgöngum og næsta nágrenni þeirra bætt við.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri